

Byltingarárin 1945–1970

Einar Bragi (f. 1921)

Haustljóð að vori

Ein flýgur sönglaust til suðurs,
þótt sumarið nálgist,
lóan frá litverpu túni
og lyngmóa fölum,
þytlausum vængjum fer vindur
um víðirunn gráan.
Hvað veldur sorg þeirri sáru,
svanur á báru?

Misst hefur fallglaður fossinn
fagnaðarróminn,
horfinn er leikur úr lækjum
og lindanna niður,
drúpir nú heiðin af harmi
og hörpuna fellir.
Hvað veldur sorg þeirri sáru,
svanur á báru?

Felmtruð og þögul sem þöllin
er þjóðin mín unga,
brugðið þér sjálfum hið sama:
þú syngur ei lengur,
þeyrinn ber handan um höfin
haustljóð að vori.
Hvað veldur sorg þeirri sáru,
svanur á báru?

(Gestaboð um nótt, 1953)

Verkefni:

- Þetta ljóð geymir í sér mikla ádeilu þótt hljótt fari. Á hvað deilir höfundur? Skoðu aðu vel hvernig skáldið notar náttúru Íslands til að koma skoðun sinni á framfæri.
- Finndu a.m.k. eina vísun í ljóðinu. Athugaðu form ljóðsins, hverju erindi lýkur með stafi – til hvers er höfundur þar að vísa? Hvers vegna segir hann þjóðina unga í síðasta erindi þótt við höfum búið hér á landinu í meira en þúsund ár?
- Titill ljóðsins er þversögn, hvernig þá?

Jón Óskar (1921–1998)

Hermenn í landi mínu

Í augum ykkar hef ég séð þá brjóta upp
hurðina. Þeir eru komnir langt að til að
frelsa heiminn.

Nei!

til að bera ranglætið inn í augu ykkar
að það ljómi í sjálfu sér eins og maurildi
þúsund smásynda. Ég hef séð þá brjóta upp
hurðina og ryðja ófrelsinu inn um dyrnar
og þið hélduð að það væru þreyttir
ferðamenn að leita sér að næturstað.

(Skrifað í vindinn, 1953)

(maurildi: ljósfyrirbrigði í sjó)

Verkefni:

- a. Hér er augljóst hverju höfundur mótmælir. Skoðaðu vel hvernig hann kemur mótmælum sínum á framfæri. Eftir hverju tekur lesandi helst?
- b. Hér má finna viðlíkingu, hlutgervingu, ýkjur, vísun, andstæður – rökstyddu.

Jakobína Sigurðardóttir (1918–1994)

Fimm börn

Þau sitja í brekkunni saman
syngjandi lag
tvær stúlkur, þrír drengir með bros um brár,
sem blómin leita í dag.

Þau vita' ekki' að heimurinn hjarir
á heljarþröm.
– Þau elstu tvö eru aðeins fjöggra,
og öllum er gleðin töm.

Því allt, sem frá manni til moldar
við morgni hlær,
umhverfis þau í unaði vorsins
ilmar, syngur og grær.

Hér syngja þau söngva lífsins,
sumarsins börn,
óhrædd við daginn, sólgin í sólskin,
með sakleysið eitt að vörn

gegn öllu sem lífinu ógnar
um allan heim.
Ég heimta af þér veröld, lát vor þeirra lifa
og vaxa í friði með þeim.
(Kvæði, 1960)

Verkefni:

- a. Lýstu formi ljóðsins.
- b. Á hvað deilir hún í ljóðinu?
- c. Jakobína setur börn fremst í víglínuna í þessu ljóði, hvers vegna?
- d. Bæði Einar Bragi og Jakobína yrkja um vor, en ljóð þeirra eru ólík. Berðu ljóð þeirra saman með tilliti til þess.